



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík – Njarðvík
Pósthólf 100 Sími 92-3100

57. fundur skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurnesja var haldinn í skólanum 25. febrúar 1981. Fundinn sóttu: Jón Böðvarsson, skólameistari, Gunnar Sveinsson, formaður skólanefndar, Ingólfur Halldórsson, aðstoðarskólameistari, Eggert Ólafsson, Ómar Bjarnþórsson, Ingvar Jóhannsson, Sævar Guðbergsson, Sturlaugur Ólafsson, fulltrúi kennara og Elías Georgsson, fulltrúi nemenda. Fundinn sat einnig Ægir Sigurðsson, sem mælti einkum fyrir 2. lið dagskrárinnar.

Þetta var tekið fyrir:

1. Rætt var um fjármál skólans, einkum fjármögnun til áhalda-kaupa fyrir trésmíðabraut og eðlisfræði. Í tengslum við þær umræður var upplýst að reikningar skólans fyrir árið 1980 verða tilbúnir 28. febrúar n.k.
2. Ægir Sigurðsson, kennari lagði fram bréf til skólanefndar þar sem gerð er grein fyrir ráðagerð kennara um ráðstefnu 20.-22. mars n.k., í Laugagerðisskóla í Hnappadalssýslu. Að ráðstefnunni ætla að standa kennarafélög FS, FA, og FF. Samkvæmt fyrirhugaðri dagskrá er gert ráð fyrir einum utan-að komandi aðila til þess að halda fyrirlestur um fjölbrautaskólakerfið. Hann sitji síðan fyrir svörum. Þá fari og fram málflutningur í umræðuhópum, en stefnuna munu sækja a.m.k. 60 manns.

Verkefni sem tekin verða fyrir eru:

1. Stjórnun kerfisins (FA)
2. Hlutverk fjölbrautaskóla (FF)
3. Tækjakostur og aðbúnaður í almennu bóknámi (FS)
4. Staða "réttindanáms" (t.d. iðn- og verknáms) (FA)
5. Námskröfur - samræming (FF)
6. Félagsmál (FS)

Til þessarar ferðar sækir Ægir f.h. Kennarafélags FS um styrk fyrir þátttakendur frá Fjölbrautaskóla Suðurnesja - þar sem nokkur kostnaður leiðir af ráðstefnuhaldinu, kr. 400.00 fyrir hvern.

Samþykkt var með fyrirvara varðandi fjölda þátttakenda, ennfremur með fyrirvara um samþykki sveitarfélaga og ríkis að veita styrk allt að kr. 5.000.00.

3. Erindi nemendafélagsins:

- A. Umsókn nemenda um ljósmyndaaðstöðu í skólahúsinu. Skólameistari upplýsti að slík aðstaða væri ekki fyrir hendi - eins og áður hefur komið fram, en hann benti á að sjálfsagt væri að kanna raunverulegan áhuga nemenda með námskeiði t.d. í verknámshúsinu í starfsviku. Fagnaði hann viðleitni nemenda til aukins starfs og fjölbreyttara félagslífs. Hann vitnaði til nýhafinna söngæfinga og leiklistaræfinga nemenda. Elías ráðgerði ljósmyndasýningu á verkum nemenda og kennara í starfsviku og vill kynna starf slökkviliðsmanna í tengslum við hana.
- B. Innréttingar í skrifstofu nemenda, samanber fundargerð hér að framan. Kostnaður við hana er kr. 12.682.00. Vill Elías fá þátttöku skólans í að greiða þennan kostnað, en þar sem þessi framkvæmd var gerð án samráðs við skólanefnd og skólameistara- og því ekki inni á fjárhagsáætlun var erindinu synjað.
4. Skólameistari lýsti reglugerð um heilsugæslu og sjúkraliðanám, en samkvæmt henni eiga nemendur í greininni að stunda tveggja ára nám í framhaldsskóla í starfsnámi á vegum Sjúkraliðaskólans. Ítrekaði hann kröfu um að sjúkraliðanemar í FS eigi kost á tilskilinni starfspjálfun í Sjúkrahúsi Keflavíkurlæknishéraðs.
5. Ingólfur Halldórsson lýstinýhöfnu kórstarfi í skólanum. Hann taldi nauðsynlegt fyrir kórinn að hafa aðgang að píanói fyrir söngfólkið. Vissi hann um píanó sem fáanlegt væri fyrir kr. 13.000.00 með sæmandi kjörum. Samþykkt var að festa kaup á því ef nemendafélagið getur, með láni, greitt fyrir kaupunum.
6. Elías minntist á mötuneytismál skólanema. Þeir höfðu heimild til þess að ráða matráðskonu sem annast matseld (brauð og drykki), á hálfis dags kaupi. Það virðist ekki ætla að duga. Virðist þurfa konu í fullu starfi. Skólameistari ræddi málið og benti á að hér í skólanum eru margir utanbajarnemendur og aðrir sem eiga nokkuð langt heim; þeir þyrftu meiri fyrirgreiðslu vegna þess að þeir ná ekki heim eftir matföngum. Málið er í athugun.

7. Skólameistari ræddi blaðaskrif um einkunnir nemenda í ýmsum skólum, samanburð milli skóla og umræður út af þeim samanburði. Benti hann á að margir annmarkar væru á að gera eðlilegan og sanngjarnan samanburð í þessu efni. Í leiðara eins dagblaðsins væri vikið að því að umræðan kynni að snúast um "fína menntaskóla" og "ófína fjölbrautaskóla". Vísaði skólameistari til blaðagreina sem hann hefur þegar skrifað og er í undirbúningi með að skrifa um þetta mál. Nauðsynlegt væri að kveða niður fordóma sem virtist gæta í málflutningi einstakra fjölmiðla um tilraunir til nýrra vinnubragða, viðhorfa og viðbrigða í skólumálum þjóðarinnar. Formaður þakkaði skólameistara skörulega þátttöku í greindum fjölmiðlaumræðum. Fram kom, m.a. hjá Ægi Sigurðssyni, að aðstaða skólanna væri ærið misjöfn eftir því hvar þeir væru staðsettir í landinu; annarsvegarlangpróuð og gróin byggðarlög, hinsvegar nýjar byggðir þar sem allt væri í raun og veru á ferð og flugi - að ógleymdri aðstöðu foreldra, forráðamanna nemendanna, á atvinnusviði o.fl. Framhaldsumræður eru ráðgerðar. Skólameistari hét að senda nefndarmönnum og sveitarstjórnnum ljósrit af helstu greinum sem birst hafa í blöðum um mál þetta að undanförmu. Fleira var ekki gert.

Valtýr Guðjónsson,
fundarritari.